

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs

Föstudagurinn 9. desember 2016



VINSTRI GRÆN

13. Fundur stjórnar VG settur 15.00 í Austurstræti 14.

Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Björn Valur Gíslason stýrði fundi.

Mætt; Katrín Jakobsdóttir, Björn Valur Gíslason, Hrafnkell Lárusson, Ingibjörg Þórðardóttir, Álfheiður Ingadóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir. Áheyrnarfulltrúar EVG; Þóra Elfa Björnsson, UVG; Aðalbjörn Jóhannsson, Sveitarstjórnarráð; Sóley Björk Stefánsdóttir. F.h starfsmanna; Björg Eva Erlendsdóttir, Bjarki Þór Grönfeldt.

Fundur settur kl. 15.13.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar – lögð fram og samþykkt.
2. Fjármál – Björg Eva gerir grein fyrir fjárhagsstöðu hreyfingarinnar í lok árs.
 - a. Lokauppgjör vegna kosningabaráttu fyrir alþingiskosningar 2016 lagt fram. Niðurstaða þess er að uppfærð fjárhagsáætlun vegna kosningabaráttunnar hafi staðist.

Kl. 15.29 tekur Katrín Jakobsdóttir sæti á fundinum.

- b. Lán til þingflokks – framkvæmdastjóri þingflokks hefur lagt fram beiðni um lántöku hjá hreyfingunni. Samþykkt að veita þingflokki lán uppá 1,5 mkr. lán. 500 þúsund fyrir áramót og 1 milljón eftir áramót. Samþykkt að veita þingflokki lán með þeim fyrirvörum að kostnaður vegna lánsins verði greiddur af þingflokki.
 - c. Fjárhagsáætlun fyrir 2017 lögð fram – Björg Eva gerir grein fyrir drögum að fjárhagsáætlun næsta árs. Umræður um fjárhagsáætlun. Endanleg áætlun lögð fram til samþykktar á næsta fundi. Stefnt að því klára fjárhagsáætlun og samþykkja í gegnum tölvu fyrir áramót.
 - d. Umboð vegna nýrra bankareikninga og yfirdráttar lögð fram til undirritunar stjórnarmanna.
3. Fundir framundan –
 - a. Tímasetning tveggja næstu landsfunda, staðsetning og tímasetningar funda. Landsfundur 2017 var áður fyrirhugaður að vori. Þar sem alþingiskosningar voru fyrr en ráð var fyrir gert er ákveðið að halda næsta landsfund VG haustið 2017. Stefnt er á fyrstu helgina í október. Næsti landsfundur þar á eftir verði haustið 2019.
 - b. Næsti flokksráðsfundur verður haldinn fyrstu helgina í mars 2017 á höfuðborgarsvæðinu.

4. Innra starf. Tillaga um úrvinnslu ef reglur kjördæmisráða um forval og uppstillingu stangast á við miðlægar reglur hreyfingarinnar – Katrín leggur fram tillögu um að framkvæmdastjórn verði falið að gera tillögur til stjórnar um breytingar á miðlægum forvals og uppstillingareglum og að lagabreytingum ef þarf. Gerðar verði tillögur til stjórnar kjördæmaráða um breytingar á þeirra lögum, þar sem við á, þannig að þau stangist ekki á við miðlægar reglur og lög hreyfingarinnar. Framkvæmdastjórn skili tillögum til stjórnar í mars/apríl á næsta ári . Tillagan samþykkt.
5. Betri VG samskiptavefurinn – Björg Eva fer yfir stöðuna á verkefninu. Virkni á Betri VG hefur verið lítil og formlegt hlutverk er óljóst. Umræður um framtíð og hlutverk Betri VG. Lagt til að verkefninu Betri VG verði hætt í núverandi mynd. Tillagan samþykkt.
6. Stjórn málaástand og horfur í lok árs.
Svandís Svavarsdóttir formaður þingflokks tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
Katrín Jakobsdóttir fer yfir stjórn málaástandið í lok árs, umræður um stöðuna í þinginu og helstu mál sem liggja fyrir auk stjórnarmyndunar.

kl. 17.30: Álfheiður Ingadóttir vísar af fundi.

7. Önnur mál.
 - a. Fundarstaður stjórnar, lagt til að fundir verði framvegis í fundarsal á Hallveigarstöðum. Tillaga samþykkt.
 - b. Reglur vegna ferðakostnaðar stjórnarmanna. Ekki til skráðar reglur vegna ferðakostnaðar stjórnarmanna. Heppilegra ef slíkt lægi fyrir skriflega frekar en að byggja að óformlegri hefð. Mikilvægt að skoða með hvaða hætti er hægt að lækka ferðakostnað, t.d gegnum samninga við flugfélög. Björg Evu og Bjarka er falið að setja upp ákveðnar sviðsmyndir varðandi umgjörð um þessar reglur. Þau hafi samráð við Ingibjörgu og Elínu vegna þessa.

Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 3. febrúar kl. 15.00.

Fundi slitið kl. 17.56.